

innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins og honum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 2. júnímánaðar.

Nr. 43/1901. Oddur Gíslason fyrir hönd H. Th. A. Thomsens verzlunar í Reykjavík

gegn

Finnboga Árnasyni.

D ó m u r:

Með skjali, dags. 12. maí 1900, gekk stefndi Finnbugi Árnason húmaður í Reykjavík í ábyrgð fyrir skilvísa borgun á því, sem tengdasonur hans, þáverandi kaupmaður hér í bænum, Runólfur Pétursson, kynni að fá til láns eða í umboðssölu frá verzlun H. Th. A. Thomsens. Fám dögum síðar hófust síðan töluverð viðskifti af Runólfs hendi við verzlunina með vöruúttekt og jafnaðarlegum innborgunum, sem hélzt til loka ársins, en hætti þá algjörlega, og var þá Runólfur orðinn skuldugur verzluninni um 1871 kr. Runólfur gaf út 9. maí f. á. skriflega viðurkenningu um að hann skuldaði verzluninni téða upphæð, en með því að hann lét hana ógreidda, var af áfrýjanda látið fram fara kyrsetningargjörð hjá honum 10. júní s. á., en Runólfur gat þá eigi vísað á neitt til tryggingar skuldinni nema lítilfjörlega muni, sem virtir voru samtals á 11 kr. 50 a. Áleit þá áfrýjandinn, að aðgangurinn væri að stefnda sem ábyrgðarmanni fyrir skuldinni, og með því að stefndi vildi eigi

góðfúslega verða við áskorun hans um borgun á henni, höfðaði hann mál þetta gegn honum fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til greiðslu á skuldarupphæðinni, 1871 kr., með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, kostnaði við kyrsetningargjörðina og málskostnaði að skaðlausu, og var mál þetta dæmt fyrir téðum rétti 22. ágúst f. á., þannig að stefndi skyldi að svo stöddu vera sýkn af kröfum áfrýjandans og málskostnaður var látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 14. okt. f. á., og hefir hann krafist þess fyrst og fremst, að stefndi verði álitinn hafa með ábyrgðarskjalinu 12. maí 1900 tekið á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld Runólfs Péturssonar og verði því dæmdur til að greiða H. Th. A. Thomsensverzlun eða honum (áfrýjanda) fyrir hennar hönd alla hina umstefndu skuld, 1871 kr., ásamt 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og málskostnað eftir mati yfirdómsins; en verði öðruvísi litið á nefnt ábyrgðarskjal, krefst áfrýjandinn til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða verzluninni eða sér fyrir hönd hennar 1859 kr. 50 a. ásamt 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og allan kostnað af málinu. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandinn hefir fyrst og fremst haldið því fram, að stefndi hafi með fyrgreindu ábyrgðar-

skjali tekið á sig sjálfskuldarábyrgð fyrir skuld Runólfs Péturssonar til Thomsens verzlunar; en eftir því sem skjalið er orðað, verður yfirdómurinn að vera samdóma undirdómaranum um það, að eigi sé heimild til að álita, að það leggi stefnda frekari ábyrgð fyrir skuldinni á herðar en einfalda ábyrgð. Aðalkrafa áfrýjandans verður því eigi tekin til greina. Hins vegar skal það þegar tekið fram, að þar sem málaflutningsmenn stefnda fyrir undir- og yfirdómi hafa viljað draga það í efa, eða telja það hæpið, að ábyrgðarskjalið sé að nokkru gilt, sökum þess, að eigi sé vottað á það, að það hafi verið lesið upp fyrir stefnda, sem þeir telja ólæsan og óskrifandi, áður en hann handsalaði nafn sitt undir það, þá er þessi lauslega vefinging á gildi ábyrgðarskjalsins þýðingarlaus þegar af þeirri ástæðu, að því hefir eigi verið neitað af stefnda hálfu, að honum hafi verið kunnugt innihald skjalsins, er hann lét rita nafn sitt undir það, enda er það upplýst með vitnisburðum vitundarvottanna, sem undir skjalið hafa ritað, að það hafi verið upplesið fyrir stefnda áður en hann handsalaði nafn sitt undir það.

Stefndi hefir enn fært það til sem vörn gegn því, að hann verði skyldaður til að greiða hina umstefndu skuld, að krafa Thomsens verzlunar falli eigi inn undir ákvæði ábyrgðarskjalsins og verði því að teljast óviðkomandi ábyrgðarskuldbindingu hans, þótt hún væri að öðru leyti álitin að nokkru gild, og í öðru lagi hefir hann haldið því fram, að engin sönnun sé enn fengið fyrir því, að Run-

ólfur Pétursson hefði eigi getað borgað skuldina sjálfur eða eitthvað af henni, og geti áfrýjandi því eigi að svo komnu máli snúið sér um borgurina að einfaldri ábyrgð sinni á greiðslu hennar.

Um hina fyrri varnarástæðu stefnda skal það tekið fram, að áfrýjandi hefir fyrir yfirdóminum, að fengnu leyfisbréfi til að leggja þar fram ný skjöl og skilríki, sannað það, með því að leggja fram viðskiftabók stefnda við verzlun H. Th. A. Thomsens og staðfestan útdrátt úr löggiltri höfuðbók téðrar verzlunar, að Runólfur Pétursson hefir fengið til láns í reikning við verzlun H. Th. A. Thomsens töluvert af vörum á tímabilinu frá 16. maí 1900 (4 dögum eftir útgáfu ábyrgðarskjalsins) til 31. desbr. s. á. og að hann skuldaði verzluninni þá (31. desbr. 1900), að frádregnu því er hann smátt og smátt hafði borgað upp í skuldina, 1871 kr., og með því að þetta er sama upphæðin, sem stefndi er krafinn um í máli þessu og sem Runólfur Pétursson hefir viðurkent með skjali 9. maí f. á. að hann skuldi verzluninni, getur enginn vafi leikið á því, að ábyrgð stefnda, sem ræðir um það, er Runólfur kynni að fá til láns eða í umbodssölu við verzlunina, taki til skuldar þessarar, sem hér er sakarefni.

Viðvíkjandi hinni síðari varnarástæðunni, er stefndi hefir borið fyrir sig, er það að segja, að, eins og fyr er sagt, lét áfrýjandinn fara fram kyrsetningargjörð hjá Runólfi Péturssyni 10. júní f. á. í því skyni, að innheimta skuldina hjá honum eða fá trygging fyrir skuldinni, en Runólfur gat

þá eigi vísað á neitt sem hann ætti upp í skuldina annað en lítilfjörlega muni, er virtir voru á 11 kr. 50 a., og hefir áfrýjandinn dregið þessa upphæð frá skuldinni, svo að varakrafa hans hér fyrir réttinum er um 1859 kr. 50 a., auk vaxta. Stefndi hefir nú neitað því, að áfrýjandi hafi með kyrsetningargjörð þessari sannað »insolvens« Runólfs eða að Runólfur hafi verið ófær um að borga skuldina til Thomsens verzlunar, og hefir hann í þessu sambandi bent til þess, að vanrækt hafi verið með gjörðinni að kyrsetja verzlunarbækur Runólfs, þar sem hann hafi átt töluverðar útistandandi skuldir eftir þeim hjá ýmsum mönnum, að Runólfur hafi átt peninga hjá bróður sínum, sem hafi borgað honum síðar með því að greiða fyrir hann fargjald til Ameríku fyrir hann og konu hans, og að Runólfur hafi átt innanstokksmuni í öðrum húsum, sem hann hafi eigi vísað á við kyrsetningargjörðina. Þessar fullyrðingar stefnda um, að Runólfur hafi eigi skýrt rétt frá um fjárhag sinn við kyrsetningargjörðina, styðjast þó eigi við neitt, sem fram komið er í málinu. Þannig hefir stefndi, sem hafði Runólf, tengdason sinn, í húsum sínum, er kyrsetningin fór fram og þangað til Runólfur skömmu síðar fór til Ameríku, og því hlaut að vera kunnugt um hagi hans, eigi skýrt frekara frá því, hvar innanstokksmunir þeir, er Runólfur á að hafa átt og eigi sagt til, hafi verið niður komnir, þegar kyrsetningin var gjörð, og hefir áfrýjanda því eigi gefist kostur á að rannsaka sannindi þeirrar fullyrðingar. Engin átylla

er heldur fyrir því, að ætla að Runólfur hafi átt hjá bróður sínum fargjald það, er þessi bróðir hans greiddi fyrir hann og konu hans. Og viðvíkjandi verzlunarbókum Runólfs virðast skýrslur málsins benda ótvíræðlega á það, að Runólfur sjálfur hafi álitid þær einskis virði, þar sem hann eigi hirti neitt um þær eða hafði þær með höndum eftir kyrsetningargjörðina, og voru þær geymdar hjá óviðkomandi manni, þangað til stefndi tók þær til sín eftir að mál þetta var byrjað, en áfrýjandi hefir, þótt hann hafi mælst til þess af stefnda í málinu, eigi fengið að sjá og rannsaka bækurnar. Þegar litid er á alla þessa málsfærslu stefnda, sem, eins og áður er tekið fram, má ætla að hafi verið mjög kunnugur högum Runólfs, þá virðist mega ganga út frá því, að upplýsingar þær, er fram komu við kyrsetningargjörðina 10. júní f. á. um eignaleyssi Runólfs, hafi verið réttar, sbr. einnig lög um ýmisleg atriði, er snerta gjaldprotaskifti, 13. apríl 1894, 3. gr., og að Runólfur hafi eigi átt annað til að borga með skuld sína til Thomsens verzlunar en það, sem hann þá taldi fram. Það verður því að fallast á það, að áfrýjandi hafi haft rétt til að beina máli þessu að stefnda og krefja hann um hina umstefndu skuld, og ber samkvæmt varakröfu áfrýjanda að dæma stefnda til að greiða honum fyrir hönd H. Th. A. Thomsens verzlunar 1859 kr. 50 a. ásamt 6% vöxtum af upphæð þessari frá sáttakærudegi 14. júní f. á. til borgunardags og í málskostnað fyrir yfirdómi 40 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Finnbogi Árnason greiði áfrýjand-  
anum yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gísla-  
syni fyrir hönd H. Th. A. Thomsens verzl-  
unar 1859 kr. 50 a. ásamt 6% vöxtum á ári  
af upphæð þessari frá 14. júní f. á. til borg-  
unardags og í málskostnað fyrir yfirdómi 40  
krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8  
vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför  
að lögum.

Mánudaginn 9. júnímánaðar.

Nr. 38/1901.

Þórður Guðjohnsen fyrir hönd

Örum & Wulffs verzlunar

á Húsavík

gegn

hreppsnefnd Hálsahrepps.

D ó m u r:

Haustið 1898 lagði hreppsnefnd Hálsahrepps  
20 króna aukaútsvar á »salthús«, er verzlun Ö-  
rum & Wulffs á Húsavík átti í Flatey á Skjál-  
anda. Áfrýjandinn verzlunarstjóri Þórður Guð-  
johnsen neitaði að greiða útsvarið og höfðaði þá  
hreppsnefndin, að fenginni gjafsókn, mál til greiðslu  
á því, og gekk dómur í því máli í gestarétti Þing-  
eyjarsýslu 1. nóv. 1900, með þeim úrslitum, að á-  
frýjandinn var fyrir hönd verzlunarinnar dæmd-  
ur til að greiða hreppsnefndinni útsvarið 20 kr.,